**17.fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga haldinn í Ráðhúsi Árborgar 22.apríl 2016 kl. 9:00.**

Mætt: Ari Björn Thorarensen, Sveinn Steinarsson, Ragnar Magnússon og Arna Ír Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð í tölvu. Einnig situr fundinn Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður Héraðsnefndar. Aldís Hafsteinsdóttir tilkynnti forföll.

1. **Ársreikningar stofnana Héraðsnefndar**

Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður fer yfir ársreikninga

- Byggðasafns
- Listasafns
- Héraðsskjalasafns
- Tónlistarskóla Árnesinga
- Brunavarna Árnessýslu
- Almannavarna Árnessýslu

og Héraðsnefndar.

Ársreikningarnir verða teknir til frekari umræðu á vorfundinum.

2. **Málefni Brunavarna**

Ari kynnti drög að nýjum viðauka við samning Brunavarna Árnessýslu við Landsvirkjun. Samingurinn gerir m.a. kröfu um meiri búnað og þarf að veita BÁ heimild til lántöku til þess að uppfylla samninginn. Þetta þarf að taka fyrir á vorfundi Héraðsnefndar.

3**. Starfsmannamál**

Ráðningarsamningur við Lýð Pálsson safnsstjóra Byggðasafns Árnesinga rennur út 29.apríl nk. Ara og Örnu falið að ræða við Lýð vegna þessa.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00.

Arna Ír Gunnarsdóttir (sign) Sveinn Steinarsson (sign)

Ari Björn Thorarensen (sign) Ragnar Magnússon (sign)

Ingibjörg Garðarsdóttir (sign)